

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Kvenfélagsins Líknar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. nóvember 1964. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Kvenfélagsins Líknar.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Kvenfélagsins Líknar. Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Halldór heitinn Gunnlaugsson lækni, sem var stofnandi félagsins, og um látnar félagskonur í Kvenfélaginu.

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er Kvenfélagið Líkn, Vestmannaeyjum.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er minningargjöf, sem Kvenfélagið Líkn hefur lagt fram, að fjárhæð kr. 20000.00.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til náms hjúkrunar- eða ljósmóðurnema á síðasta námsári, eða hjúkrunarkonu til framhaldsnáms. Styrkþegar eru bundnir þeim skilyrðum að starfa við fag sitt í Vestmannaeyjum, minnst 6 mánuði að námi loknu.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru dánar- og minningargjafir, áheiti og aðrar gjafir, svo og vextir.

6. gr.

Stofnfé sjóðsins, skv. 3. gr., er ekki heimilt að skerða, en allt að öllum tekjum sjóðsins skv. 5. gr., er heimilt að verja skv. 4. gr.

7. gr.

Stjórn Kvenfélagsins Líknar hefur sjóðstjórn á hendi og sér um styrkveitingar. Tveir endurskoðendur sjóðsins skulu kosnir á aðalfundi ár hvert. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

8. gr.

Færa skal gerðabók fyrir sjóðinn. Í hana skal færa skipulagsskrána, fundasamþykktir, umsóknir um styrk, styrkveitingar, tekjur og gjöld sjóðsins og ársreikning, svo og annað, er varðar hag sjóðsins.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.